

**Stílbrögð**

# Stílbrögð ljóða og texta

**Ljóðskáld og rithöfundar nota stílbrögð til að auka áhrifamátt ljóða sinna og texta.**

**Endurtekning:** bein og hliðstæð

**Andstæður:** *dagur - nótt; svart - hvítt*

**Þversögn** Felur í sér mótsögn

**Ýkjur og úrdráttur:** Kveðið fastar (ýkjur) eða veikar (úrdráttur) að orði en efni standa til.

**Vísun:** Notuð eru einstök atriði úr bókmennntum, sögu, goðafræði, samtíma-viðburðum o.fl.

**Tákn:** Tiltekið hugtak kemur í stað annars, eins konar "merki" án þess að merking sé alltaf augljós.

**Aukamerkingar:** *kona - glanspía – skörungur*

**Háð:** Segja eitt og meina annað.

# Endurtekningar

**Endurtekingar** eru algeng stílbrögð. Þær má finna í ljóðum, sögum, í viðlögum og stefjum, rími, hrynjanda og ljóðstöfum.

Með því að endurtaka sömu mikilvægu orðin eða hliðstæður þeirra næst sérstæður hugblær í textanum

Mig dreymir, dreymir.  
dýrð hins liðna dags (Steinn Steinarr)

**Hliðstæð endurtekning:** Stundum breytir höfundur til í orðavali þegar hann notar endurtekningu.

Gef mér sól þína og sumar,  
gef mér söng þinn og ást (Steinn Steinarr)

# Andstæður


Andstæður endurspeгла líf okkar þar sem skiptast á skin og skúrir, ljós og skuggar, dagur og nótt, sumar og vetur o.s.frv.

Stundum er hægt að finna orðin sem mynda andstæðurnar,

„Gleði sem löngu er liðin,  
lifnar í sálu minni,  
sorg, sem var gleymd og grafin,  
grætur í annað sinni.“ (Úr „Bikarinn“ eftir ...)

En á öðrum stöðum koma andstæðurnar fram í efni ljóðsins án þess að vera sett fram í beinum orðum.

Dæmi um andstæður:



Aðeins malbikuð stræti  
og malbikuð torg  
grá hús úr steini  
og gluggar  
með gulum og hvítum tjöldum.  
Hvegi gras eða grund undir fæti,  
hvergi mold eða mjúkur sandur,  
hvergi leirflag né lækur að vaða,  
né klettur að klífa ...



# Þversögn

Orðalag sem virðist í fljótu bragði fela í sér mótsögn en þegar betur er að gætt sést að hún er röklega hugsuð og knýr lesandann að skoða mál frá nýjum og oft óvæntum sjónarhóli.

-Hefur þú til dæmis heyrt um öskrandi þögn eða opinbert leyndarmál.

Sjá

Hús standa á bustum sínum

Tré teygja rætur til himins

Verkamaður hvílist á legubekk

á herðum heildsala

# Ýkjur - úrdráttur

Ýkjur eru þegar skáldin taka sterkar til orða en tilefni er til. Börn ýkja t.d. oft mikið. Pabbi minn er rosalega sterkur og risastór! Ég er að drepast úr leiðindum.

Dæmi um ýkjur:

Tristan snerist til veggjar,  
svo hart hann stakk:  
heyra mátti mílur þrjár,  
hans hjarta sprakk.



Úrdráttur er þegar skáldin taka veikar til orða en tilefni er til.

Dæmi: Þetta er ekki sem verst (illa gert) Þeir eru ekki miklir vinir (svarnir óvinir)

# Vísanir

Vísanir felast í því þegar skáldin vísa til atburða, persóna eða aðstæðna úr samtíð höfundar eða úr sögu og bókmenntum sem gera má ráð fyrir að lesendur þekki.

-Mjög oft vísað í Biblíuna, goðafræðina, þjóðsögur, ævintýri og Íslendingasögurnar.

**nú andar suðrið**

DC-10 þotur

berið öllum uppi í breiðholti

kveðju mína

(Einar Már Guðmundsson)

Ég trúi á moldina  
og son hennar manninn  
fæddan af skauti konunnar  
sem er þíndur á okkar dögum  
krossfestur drepinn og grafinn  
en mun rísa upp á morgun  
og krefjast réttar síns til brauðsins  
ég trúi á anda réttlætisins  
samfélag manna  
og friðsælt líf

# Tákn

Við notum mikið af táknum í daglegu lífi. Til þess að skilja þau verðum við að þekkja tákinn.

*Kross* er tákn kristinnar trúar, *rauður litur* tákn ástar eða byltingar, *hjarta* tákn tilfinninga, hvítur táknar hreinleika og sakleysi.

*„Hann er eins og engill“, í þessari viðlíkingu er táknið engill (einhver sem er mjög góður)*





# Aukamerkingar

Aukamerkingar orða þarf að athuga vel til að átta sig á merkingu textans.

Eru notuð hlutlaus orð eða orð sem eru hlaðin aukamerkingum?

Dæmi:

- Maður er hlutlaust orð en ekki ruddi eða öðlingur.
- Bíll er hlulaust orð en ekki glæsikerra eða drusla.



# Háð

Menn eru oft háðskir í daglegu tali, segja eitt og meina annað. T.d. ef ég segi: „rosalega eruð þið dugleg“, gæti ég verið að meina algjörlega andstæðu þess.

Háðskur stíll einkennir suma höfunda meira en aðra.

Mannúðin okkar manna  
er mikil og dásamlig.  
Við göngum svo langt í gæðum  
að guð má vara sig.

# Háð/Kímni

Texti sem einkennist af hæðni er mjög oft gamansamur um leið.

Sundum getur verið erfitt að greina á milli **kímni** og hárfíns **háðs** í textum.

## Gyðjan

Hún sveiflaði sólgullnum sterti  
hún Sjöfn, og allt sem hún snerti  
varð eitt bros, eitt svar –  
jafnvel brunnið skar  
tók að blossa og reis upp í kerti.<sup>76</sup>

Þar var logn og heiður himinn. Sól skein í suðri. Sumarfuglarnir sungu suðræn ástarljóð í runnum og móum. Fram undan blasir við fagurt hérað, skrýtt skógarkjarri og grösugum eldfjöllum.

... Fyrir neðan skógarbrekkurnar glampar á hafið himinblátt, alsett eyjum og vogum, – helgi og fegurð svo langt sem augað eygir.

...

Ég settist niður í skógarrunn og skéit. Á setum sínum kemst maður í andlegt samband við náttúruna.<sup>77</sup>